



ATHUGASEMDIR VIÐ TILLÖGU AÐ STARFSLEYFI BECROMAL

Umhverfisstofnun auglýsti á tímabilinu 21. apríl til 16. júní 2009, tillögu að starfsleyfi fyrir aflþynnuverksmiðju Becromal Iceland ehf. og sendi jafnframt tilkynningar þess efnis til Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Skipulagsstofnunar, Akureyjarbæjar, Eyjafjarðarsveitar, Svalbarðsstrandarhrepps, Becromal Iceland ehf., Veiðifélags Eyjafjarðarár auk nokkurra fiskeldisfyrirtækja. Þrjár athugasemdir bárust og er hér gerð grein fyrir því hvernig um þær var fjallað hjá stofnuninni.

Umhverfisstofnun hélt einnig opinn kynningarfund þann 28. maí 2009, að Borgum við Norðurslóð.

Innsendar athugasemdir við auglýst starfsleyfi:

I. Skipulagsstofnun

- i. Stofnunin benti á að í töflu í grein 2.1 hafi ekki verið getið um bórsýru.
 - Þetta hefur verið leiðrétt.
- ii. Einnig var bent á að notkun brennisteinssýru væri ekki fyrirhuguð og áleit stofnunin því að ekki ætti að heimila geymslu hennar.
 - Ekki er hægt að sögn rekstraraðila að útiloka að svo stöddu að nota þurfi brennisteinssýru í framleiðslu en notkun hennar er þó ekki fyrirhuguð.
- iii. Athugasemd gerð um að tiltaka ætti í starfsleyfi að hættuleg fljótandi hráefni séu geymd á vökvaheldu undirlagi. Jafnframt var talið eðlilegt að setja inn ákvæði um að loka niðurföllum og að til staðar sé útbúnaður til að loka niðurföllum og ísogsefni til að taka við samsvarandi magni og geymt er í stærstu einingum á lager.
 - Umhverfisstofnun telur að viðbragðsáætlun, sbr. gr. 4.4 í starfsleyfi, eigi að taka á þessum atriðum en ekki starfsleyfi.
 - Fulltrúi rekstraraðila hefur í tölvuskeyti til Umhverfisstofnunar tekið það fram að tekið verði tillit þessara atriða.
- iv. Bent var á að texti í tillögunni um styrk ammóníaks væri ekki skýr varðandi það að hann ætti við um styrk ammóníaks frá útblæstri.
 - Í ljósi athugasemdarinnar var orðalaginu breytt til að ekki færi á milli mála að um er að ræða útblástur.
- v. Mælt var með því að í starfsleyfið væri sett grein um að fyrirtækinu verði skylt að sjá til þess að frá fyrirtækinu berist ekki ólykt.
 - Gerð hefur verið breyting á grein 2.4 til að bregðast við þessari athugasemd og rekstraraðila gert að koma í veg fyrir lyktarmengun.
- vi. Gerð var athugasemd við að pH mörk í fráveitu væru of þröng.
 - Í ljósi athugasemdarinnar voru mörkin víkkuð.
- vii. Bent var á nauðsyn þess að eiga samstarf við slökkvilið um áhættumat og viðbragðsáætlun.
 - Hér er ekki um að ræða ábendingu sem beinlínis á við um starfsleyfið að mati Umhverfisstofnunar.
 - Rekstraraðili hefur upplýst stofnunina um að samstarf af þessi tagi fer fram.
- viii. Athugasemd var gerð um að kanna þyrfti hvort ástæða væri til að fylgjast með umhverfisáhrifum vegna bráðabirgðafráveitu.
 - Ákvæði um umhverfisvöktun eru rúm og geta náð yfir vöktun vegna bráðabirgðafráveitu.

II. Becromal Iceland ehf.



- i. Rekstraraðili, Becromal Iceland ehf., benti á að vegna breytinga á fyrirætlunum fyrirtækisins og fleiri atriða þyrfti að lagfæra töfluna í grein 2.1 og tölur í viðauka.
 - Fallist er á umræddar lagfæringar.
- ii. Bent var á að lagfæra þyrfti efnaformúluna fyrir álfosfat.
 - Efnaformúla þessi er nú rétt tilgreind í starfsleyfinu.
- iii. Gerð var grein fyrir að tímaáætlun fyrir framkvæmdir við hreinsistöð frárennslis við Sandgerðisbót gerði ráð fyrir seinkun á fyrri áformum. Sambærileg athugasemd kom einnig frá Skipulagsstofnun.
 - Ákvæðið hefur verið felld á núverandi áformum.

III. Svalbarðsstrandarhreppur.

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps samþykkti þann 12. maí 2009, tillögu skipulagsnefndar þess efnis að hún gerði ekki athugasemdir við veitingu starfsleyfisins.

